

Bryndís Zoëga

Fornleifaskráning vegna lagningar ljósleiðara frá Víðimel að Víðidal og á Efribyggð í Lýtingsstaðahreppi



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2018/198

Forsíðumynd: Gamla póstleiðin að Víðimýri



© Bryndís Zoëga
Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki
2018/198

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Tilgangur fornleifaskráningar	2
Aðferðarfræði.....	2
Samantekt	4
Minjar í lagnaleið	5
Víðimelur að Víðidal	6
Efribyggð.....	8
Fornleifaskráning.....	11
Heimildaskrá.....	23

Inngangur

Að beiðni sviðsstjóra veitu- og framkvæmdasviðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar var unnin fornleifaskráning vegna lagningar ljósleiðara frá Víðimel að Víðidal og á Efrabyggð í Lýtingsstaðahreppi. Fyrirhuguð lagnaleið (sjá kort í viðauka) liggur frá brunni í landi Víðmels, meðfram Hringvegi 1, að Brekku, Víðimýri, Víðiholti og Víðidal. Um Efrabyggð er fyrirhuguð lagnaleið frá Kolgröf, Álfgeirsvelli, Ytra- og Syðra-Vatn, Brekkukot, Ytri-Mælifellsá, Mælifellsá og að brunni við Hornhvamm í landi Nautabús. Á þeirri leið eru 7 heimtaugar en 4 frá Víðimel að Víðidal. Lagnaleiðin er alls 12,6km að lengd.

Skráningin fór fram í júní mánuði 2018. Undirbúningur, vettvangsskráning og skýrslugerð var í höndum Bryndísar Zoëga, landfræðings.

Heimildamenn og landeigendur fá þakkir fyrir veitta aðstoð.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar: 1926

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“.

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...]“.

„Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]“.

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsgöðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

Aðferðarfræði

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnast. Skráðir voru 15 m til hvorrar handar frá

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

fyrirhugaðri lagnaleið. Þar sem að lögð er til breyting á lagnaleið var nýja lagnaleiðin einnig skráð.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Til dæmis fær gamla póstleiðin í landi Víðimýrar raðnúmerið 7 og framan við það er sett verkefnisnúmer Minjastofnunar (Víðimýri-1926-7). Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast fyrst og fremst við mögulega hættu af völdum fyrirbyggjandi framkvæmda við lagningu ljósleiðara og var það metið hverju sinni hvort minjar væru líklega til að vera í hættu eða ekki bæði út frá fjarlægð frá fyrirhugaðri lagnaleið og ekki síður staðháttum á hverjum stað. Hættumat getur breyst síðar ef breytingar verða á lagnaleið.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tæki sem gefur nákvæmni undir 1m í skekkju.

Yfirlitsmyndir af minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

Samantekt

Fyrirhuguð lagnaleið ljósleiðara liggur í eða gegnum land 14 jarða (sjá samantekt að neðan) og var hún skráð á vettvangi í júní 2018. Skráðir voru 15m til hvorrar handar frá lagnaleið, alls 30m breitt svæði og fundust 22 minjar innan þess svæðis. Þar af voru 14 minjar horfnar, 3 voru illgreinanlegar, 1 greinanleg og 4 vel greinanlegar (sjá töflu 1). Þess ber að geta að þó minjar séu horfnar af yfirborði geta fundist minjar í jörðu og tekur hættumat mið af því.

Tafla 1. Ástand og fjöldi skráðra minja.

Ástand	Fjöldi
Vel greinanleg	4
Greinanleg	1
Illgreinanleg	3
Sést ekki	14
Samtals	22

Hættumat var gert fyrir allar skráðar minjar með tilliti til fjarlægðar frá lagnaleið og er yfirlit yfir það í töflu 2. Af 22 skráðum minjum eru 5 taldar í mikilli hættu, 9 í hættu og 8 ekki í neinni hættu.

Tafla 2. Hættumat skráðra minja.

Hættumat	Fjöldi
Mikil hætta	5
Hætta	9
Engin hætta	8
Samtals	22

Tafla 3 er yfirlit yfir allar skráðar minjar með hlutverki, tegund, ástandi, hættumati og fjarlægð frá lagnaleið. Hnitaskrá með yfirgrípsmeiri upplýsingum um minjarnar er í viðauka í skýrslunni.

Tafla 3. Skráðar minjar.

Númer	Jörð	Hlutverk	Tegund	Ástand	Fjarlægð frá lagnaleið	Hættumat
1926-1	Brekka	híbýli	heimild	sést ekki	0	hætta
1926-2	Brekka	fjós	heimild	sést ekki	0	hætta
1926-3	Víðimýri land	útihús	dældir	illgreinanleg	5,5	hætta
1926-4	Víðimýri	híbýli	heimild	sést ekki	15	engin hætta
1926-5	Víðimýri	fjárhús, hesthús	heimild	sést ekki	15	engin hætta
1926-6	Víðimýri	óþekkt	steinalögn, hleðsla	illgreinanleg	2	mikil hætta
1926-7	Víðimýi	leið	hleðsla	vel greinanleg	er í lagnaleið	mikil hætta
1926-8	Víðimýri	híbýli	heimild	sést ekki	0	hætta
1926-9	Víðimýri	smiðja	heimild	sést ekki	0	hætta
1926-10	Víðimýri	híbýli	mannvistarleifar	sést ekki	5-10	hætta
1926-11	Víðimýri	óþekkt, virki	heimild	sést ekki	0-10	hætta
1926-12	Kolgröf	útihús	heimild	illgreinanleg	7	engin hætta
1926-13	Álfgeirsvellir	kofi	heimild	sést ekki	0-10	engin hætta
1926-14	Álfgeirsvellir	fjárhús	heimild	sést ekki	10-15	engin hætta
1926-15	Ytra-Vatn	túngarður	hryggur	greinanlegur	er í lagnaleið	mikil hætta
1926-16	Ytra-Vatn	leið, heimreið?	gata	vel greinanleg	er í lagnaleið	mikil hætta
1926-17	Ytra-Vatn	híbýli, útihús	heimild	sést ekki	0	hætta
1926-18	Syðra-Vatn	híbýli	heimild	sést ekki	0	hætta
1926-19	Syðra-Vatn	túngarður	garðlag	vel greinanleg	er í lagnaleið	mikil hætta
1926-20	Mælifellsá	híbýli	heimild	sést ekki	5-20	engin hætta
1926-21	Mælifellsá	öskuhaugur	heimild	sést ekki	0	engin hætta
1926-22	Nautabú	leið	götur	vel greinanleg	10-15	engin hætta

Minjar í lagnaleið

Lagnaleiðin liggur um land 14 jarða og hér er farið yfir hverja jörð fyrir sig, frá norðri til suðurs. Lagnaleiðinni er lýst og gerð grein fyrir hvað áhrif hún er talin hafa á minjar. Tillaga er gerð að mótvægisáðgerðum sé þess þörf en endanleg ákvörðun um mótvægisáðgerðir er tekin af Minjaverði Norðurlands vestra. Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást a yfirboði eða þar sem staðsetning jarðlægra eða horfinna minja er þekkt. Þess ber að gæta að minja geta einnig leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sbr. 24 grein laga um menningarminjar, sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Víðimelur að Víðidal

Víðimelur-Brekka

Lagnaleiðin er frá brunni sem er austan Þjóðvegur nr. 1, gegnt syðsta íbúðarhúsinu á Víðimel. Þaðan liggur hún samsíða þjóðveginum, að sunnan, heim að heimreið við Brekku. Engar minjar fundust á þessari leið

Brekka


Lögnin liggur meðfram heimreiðinni að austan og inn í íbúðarhúsið í Brekku að norðan. Engar minjar fundust á þeirri leið en íbúðarhúsið stendur á gamla bæjarstæðinu, þar sem að bærinn [1926-1] og fjósið [1926-2] voru og því mögulegt að minjar finnist í jörðu. Ekki er lögð til breyting á lagnaleið þar sem ekki er talið líklegt að hægt sé að forða minjum raski með tilfærslu á lagnaleið.

Afleggjari við Hringveg 1- Víðimýri


Lagnaleiðin liggur austan heimreiðar að Víðimýri, þar til að vegurinn beygir til suðvesturs, þá heldur lögnin áfram til suðurs og yfir tún, í átt að íbúðarhúsinu. Þaðan er heimtaug til vesturs og kemur að húsinu á norðurhlið. Á þessum legg voru skráðar nokkrar minjar. Nyrst eru leifar útihúsa [1926-3] sem eru rúmlega 5m frá lagnaleið. Lögnin liggur svo áfram til suðvesturs og fer þar eftir gömlu póstleiðinni [1926-7] og um 2m frá hugsanlegum jarðlægum minjum [1926-6]. Minjar [1926-6 og 7] verða fyrir raski að óbreyttu.

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Til þess að forða minjum [1926-6 og 7] frá raski er lagt til að lagnaleið færð austar eins og sést á mynd nr. 8. Verði þessi leið farin þarf að gæta þess að fara austur fyrir minjar [1926-4 og 5], sem eru rétt austan við núverandi lagnaleið.



Mynd 1. Tillaga að færslu á lagnaleið í landi Víðimýrar. Fyrirhuguð lagnaleið er merkt með grænu (og 15m buffer) en tillaga að nýrri leið er bleik. Minjar eru merktar með hvítum punkti og númeraðar.



Mynd 2. Tillaga að breytingum á lagnaleið að og frá Viðimýri. Fyrirhuguð línulögn er merkt með grænum línunum (með 15m buffer) en ný lína með bleiku. Minjar eru merktar með hvítum punkti og númeraðar.

Viðimýri

Viðimýri hefur verið stórbýli um aldir og líklegt að umtalsverðar minjar séu þar í jörðu. Lögnin liggur að Viðimýri úr austri um 20m norðan við norðurvegg kirkjugarðsins. Bærinn [1926-8] í Viðimýri var norðvestan við kirkjuna og norðan við hann var smiðja [1926-9]. Þar eru nú trjálundur og núverandi íbúðarhús. Vitað er um jarðlægar minjar, skálabyggingu [1926-10] og aðrar mannvistarleifar norðan við kirkjugarðinn en umfang þeirra er ekki að fullu þekkt. Eins er vitað að „virki“ skráð nr. [1926-11] var í túninu austan við kirkjuna sem talið er að sé frá því snemma á 13. öld. Nákvæm staðsetning er ekki þekkt en miðað við ritheimildir og ljósmyndir er líklegt að byggingin hafi verið um 20-40m austur af kirkjugarðinum og lendir því í eða í námunda við lagnaleiðina.

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Lagt er til að heimtaug að Viðimýri verði hnikað ca. 10-15m til norðurs til að freista þess að forða þekktum jarðlægum mannvistarleifum [1926-10] frá raski og auk þess er lagt til að lögnin austan við kirkjugarðinn verði hnikað að minnsta kosti 15m til austurs til þess að forðast mögulegar jarðlægar minjar „virkisins“ [1926-11]. Jafnframt er lagt til að fornleifafræðingur verði kallaður til þegar línan verður lögð heim að íbúðarhúsinu.

Viðimýri-Viðiholt

Lögnin liggur í gegnum tún frá Viðimýri að Viðiholt, austan kirkjunnar sem fyrr er nefnd og austan fjárhúsanna, þar til að kemur á móts við íbúðarhúsið í Viðiholti. Þaðan liggur heimtaugin til vsv að austurhlið íbúðarhússins. Viðiholt er nýbýli frá 1953 og engar minjar fundust á lagnaleið eða í kringum íbúðarhús.

Viðiholt-Viðidalur

Lögnin liggur frá heimtaug að íbúðarhúsinu í Viðiholti, sem er nýbýli frá 1953, gegnum tún til suðurs að nyrðra húsinu í Viðidal, þar liggur heimtaugin til vesturs og kemur að húsinu að norðan. Engar minjar fundust á þessari leið.

Víðidalur-Víðidalur

Lagnaleiðin á milli íbúðarhúsanna í Víðidal er stutt og kemur að syðra húsinu á norðurhlið. Engar minjar fundust á þessari leið.

Efribyggð

Kolgröf

Leifar útihúsa [1926-12] eru norðan við íbúðarhúsið í Kolgröf en þær eru ekki taldar í hættu vegna framkvæmda.

Kolgröf-Álfgeirsvellir

Frá íbúðarhúsinu í Kolgröf liggur lagnaleiðin norðan afleggjarans, að gatnamótum við Efribyggðarveg. Frá gatnamótunum að heimtaug að Álfgeirsvöllum liggur lögnin meðfram Efribyggðarvegi, að vestan. Engar minjar fundust á þessari leið.

Álfgeirsvellir

Lögnin kemur inn í íbúðarhúsið á Álfgeirsvöllum að austan. Fjárhús [1926-14] og kofi [1926-13] stóðu þar sem íbúðarhúsið og fjósið eru í dag. Ekki er talin þörf á tilfærslu á lagnaleið þar sem litlar líkur eru taldar á að minjar hafi varðveist í jörðu.

Álfgeirsvellir-Álfheimar

Á milli íbúðarhúss á Álfgeirsvöllum og íbúðarhúsinu í Álfheimum, liggur lögnin meðfram Efribyggðavegi að vestan. Engar minjar fundust á þessari leið og engar þekktar minjar eru á bæjarstæði Álfheima.

Álfheimar-Ytra-Vatn

Lögnin liggur áfram, vestan við Efribyggðaveg frá Álfgeirsvöllum að heimatúninu á Ytra-Vatni. Þar sveigir hún frá veginum og beint til suðurs, milli gamla bæjarstæðisins og fjárhúsanna (yngri), að íbúðarhúsinu. Lögnin liggur þar í gegnum götur [1926-16] og við bláendann á túngarðinum [1926-15]. Ekki er talið að fyrirhuguð lagnaleið muni hafa veruleg áhrif á minjar en ábúandi hafði hug á því að færa lögnina upp á brekkuna og vestur fyrir gamla bæjarhólinn. Þar er töluvert af minjum og verði farið í tilfærslu á leiðinni þarf að hafa samráð við Minjavörð um nýja lagnaleið.

Tillögur að mótvægisáðgerðum

Ljósleiðarinn er plægður niður og mun hafa óveruleg áhrif á göturnar [1926-16] og ekki lagt til að lagnaleið framhjá þeim verði breytt. Til þess að forða túngarðinum [1926-15] frá raski mætti hliðra línunni 1-2 metra til vesturs.

Ytra-Vatn

Lögnin kemur að húsinu úr austri. Íbúðarhúsið er byggt þar sem að gamli bærinn á Mið-Vatni [1926-17] sem síðar var breytt í útihús stóð. Mögulega finnast einhverjar minjar í jörðu en ekki er talið að önnur leið að húsinu sé betri og því ekki lagðar til breytingar á lagnaleið.

Ytra-Vatn-Syðra-Vatn

Frá heimtaug að Ytra-Vatni liggur lögnin til suðurs, yfir tún, að Syðra-Vatni. Engar minjar fundust á þessari leið.

Syðra-Vatn

Íbúðarhúsið á Syðra-Vatni [1926-17] stendur á gamla bæjarstæðinu og má gera ráð fyrir einhverjum minjum í jörðu. Lögnin kemur að húsinu úr austri og ekki er talið að önnur leið sé betri. Ekki er lagt til að gerðar verði breytingar á lagnaleið.

Syðra-Vatn-Ytri-Mælifellsá

Frá heimtaug að Syðra-Vatni liggur lögnin suður heimatúnið og síðan áfram samsíða Efribbyggðavegi, að vestan. Þar fer hún í gegnum austur enda túngarðsins [1926-19] sem er mjög illa farin á þessum stað og ekki talið að það muni rýra minjagildið þótt verði plægt í gegnum hann á þessum stað. Því er ekki lögð til tilfærsla á lagnaleið. Lögnin fylgir síðan veginum í gegnum Brekkukotsland að heimreiðinni að Ytri-Mælifellsá.

Ytri-Mælifellsá

Á Ytri-Mælifellsá fer heimtaug, að íbúðarhúsinu, sunnan heimreiðar og kemur að húsinu við norðvestur horn. Gamla bæjarstæðið er nokkur hundruð metrum ofar en núverandi bæjarstæði og engar þekktar minjar í kringum húsið.

Ytri-Mælifellsá-Mælifellsá

Frá heimreiðinni að Ytri-Mælifellsá og að Mælifellsá liggur lagnaleiðin til suðausturs, yfir tún og að heimtaug við íbúðarhúsinu að Mælifellsá, sem kemur inn í húsið að norðan.

Mælifellsá

Íbúðarhúsið stendur nálega á hlaði gamla bæjarins [1926-20] en lögnin kemur inn í húsið að norðan og ættu mögulegar jarðlægar minjar því ekki að verða fyrir raski vegna framkvæmda.

Mælifellsá-að brunni í landi Nautabús

Frá Mælifellsá liggur lögnin fyrst sunnan heimreiðar og síðan áfram, samsíða Efribbyggðarvegi (að sunnan), að brunni við Hornhvammi í landi Nautabús. Lögnin fer norðan við staðinn þar sem gamli öskuhaugurinn var [1926-22] en búið er að ryðja honum út og ekki talið að þar finnist

minjar. Á leiðinni að Hornhvammi liggur lögnin rétt ofan við gamlar reiðgötur [1926-22] sem eru rétt neðan Efribyggðarvegar. Ekki er lagt til að lögnin verði færð þar sem að rask á minjunum verðu að líkindum ekkert eða óverulegt.

Fornleifaskráning

Brekka-1926-1

Sérheiti: Brekka

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta

Staðhættir

Gamli bærinn var þar sem að íbúðarhúsið á Brekku stendur í dag.

Lýsing

Gamli bærinn í Brekku var rifinn um 1949 þegar bygging við núverandi íbúðarhús hófst. Engar minjar sjást á yfirborði en minjar geta enn leynst í jörðu.

Aðrar upplýsingar

Í II. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 443) segir: „Brekka fór í eyði 1945, en var nytjuð frá Vallanesi til ársins 1949. Þá endurbyggðu Óskar Magnússon frá Sauðárkróki og Herfríður Valdimarsdóttir frá Vallanesi jörðina. Byrjað var á að rífa gamla bæinn og nýja húsnæðið byggt á sama stað.“

Brekka-1926-2

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta

Staðhættir

Gamli bærinn var þar sem að íbúðarhúsið á Brekku stendur í dag og á túnakorti sést að útihús, að líkindum fjósið, var norðan hans.

Lýsing

Gamli bærinn í Brekku var rifinn um 1949 þegar bygging núverandi íbúðarhúss hófst. Engar minjar sjást á yfirborði en minjar geta enn leynst í jörðu.

Aðrar upplýsingar

Í II. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 443) segir: „Brekka fór í eyði 1945, en var nytjuð frá Vallanesi til ársins 1949. Þá endurbyggðu Óskar Magnússon frá Sauðárkróki og Herfríður Valdimarsdóttir frá Vallanesi jörðina. Byrjað var á að rífa gamla bæinn og nýja húsnæðið byggt á sama stað.“

Víðimýri-1926-3

Hlutverk: Útihús

Tegund: Dældir

Hættumat: Hætta

Staðhættir

Nyrst í gamla Víðimýrartúninu er skemma og umhverfis hana lítið afmarkað tún sem er í einkaeigu. Um 35m suðvestur af skemmunninu eru dældir, leifar af útihúsum.



Mynd 3. Dældirnar (1926-3) sjást í túninu, nokkurn veginn fyrir miðri mynd. Horft er til norðausturs.

Lýsing

Dældirnar eru þrjár, ca. 10-20cm

djúpar og í köntunum sést í hleðslugrjót úr veggjum. Ekki er hægt að græna lögun húsanna en dældirnar eru á um 8x8m svæði.

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti frá 1917 eru sýnd peningshús á þessum stað.

Víðimýri-1926-4

Sérheiti: Eyri

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætt

Staðhættir

Norðarlega í gamla Víðimýrartúninu var hjáleiga sem nefnd var Eyri og síðar fjárhús sem kölluð voru Grundar- eða Eyrarhús. Húsin stóðu, að líkindum, um 20-30m austur af heimreiðinni að Víðimýri og rúmlega 330m norðaustur frá Víðimýrarkirkju, þar sem nú er nyrsti hluti heimatúnsins.

Lýsing

Í II. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir að þarna sjáist steinar í jörðu og móta fyrir undirstöðum veggja í túninu. Þarna fannst ekkert við skráningu 2018 en grjót fannst í jörðu um 15m austar. Minjarnar voru hnitsettar eftir lýsingu í Byggðasögu og eftir hnitsettu túnakorti frá 1917 og má gera ráð fyrir allt að 10-15m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Í II. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 415) segir: „Eyri (65°32'505/19°28/015) var hjáleiga í norðausturjaðri Víðimýrartúns, drjúgan spöl út og niður frá Víðimýri. Bærinn hefur að öllum líkindum staðið í Víðimýrartúni við árbakkann þar sem gamall farvegur Víðimýrarárinnar tekur sveig í austur, rétt sunnan við túnblett þann er fylgir geymsluhúsinu á Eyri og 20-30 metrum

austan við veginn. Þar örlar á steinum í jörðu og mótar fyrir undirstöðum veggja í túninu. Grjót er annars hvergi á þessu svæði nema aðflutt.“

Víðimýri-1926-5

Sérheiti: Grundarhús, Eyrarhús

Hlutverk: Fjánhús, hesthús

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Norðarlega í gamla Víðimýrartúninu var hjáleiga sem nefnd var Eyri og síðar fjánhús sem kölluð voru Grundar- eða Eyrarhús. Húsin stóðu, að líkindum, um 20-30m austur af heimreiðinni að Víðimýri og rúmlega 330m norðaustur frá Víðimýrarkirkju, þar sem nú er nyrsti hluti heimatúnsins í Víðimýri.

Lýsing

Í II. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir að þarna sjáist steinar í jörðu og móta fyrir undirstöðum veggja í túninu. Þarna fannst ekkert við skráningu 2018 en grjót fannst í jörðu um 15m austur. Minjarnar voru hnitsettar eftir lýsingu í Byggðasögu og eftir hnitsettu túnakorti frá 1917 og má gera ráð fyrir allt að 10-15m skekkju. Í Byggðasögu segir að Grundarhúsin hafi verið fjánhús en í örnefnaskrá segir hesthús. Vera má að báðir heimildir hafi rétt fyrir sér og þarna hafi verið fjánhús sem síðar var notað sem hesthús.

Aðrar upplýsingar

Í II. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 415) segir: „Á fyrri hluta 20. aldar var fjánhús út og niður á túninu í Víðimýri þar sem bærinn Eyri hafði verið. Snjóaveturinn mikla 1920 var byggður snjóveggur meðfram endilöngum veggnum og hlöðustafninn að norðan. Reft var yfir upp á veginn og klætt með smáfjöllum og pabba en þakið yfir með snjó. Þarna myndaðist eins og ein kró meðfram húsveggnum og í henni voru hýst 24 hross, útigangshross á Víðimýri sem annars var ekkert hús fyrir.“ Í örnefnaskrá Víðimýrar sem Margeir Jónsson skráði segir (bls. 2): „Yzt og neðst á Víðimýrartúni var eyðikot, sem hét Eyri ... Nú er hesthús þar, sem kot þetta var.“

Víðimýri-1926-6

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Steinalögn, hleðsla

Hættumat: Mikil hætta

Staðhættir

Á gömlum árbakka Víðimýrarár, í norðvesturhorni heimatúnsins glittir í 3 steina í grassverðinum sem virðist geta verið hleðsla. Steinaröðin er um 330m norðaustur af kirkjunni í Víðimýri.

Lýsing

Steinarnir sem sjást, eru 3 og liggja í suðausturhorni smá bingu sem er um 5-10sm há, hugsanlegar leifar einshvers konar mannvirkis. Í Byggðasögu er getið um hjáleiguna Eyri og síðar útihús [1926-4 og 5], sem voru aðeins örfáum metrum austar í túninu. Finnist þarna byggingar er ekki ólíklegt að þær hafi verið tengdar hjáleigunni eða útihúsunum. Ekki er hægt að útiloka skekkju í túnakorti eða í Byggðasögunni og því getur verið að minjar [1926-6] séu hinar sömu og [1926-4 og 5].

Víðimýri-1926-7

Hlutverk: Leið

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Mikil hætta

Staðhættir

Meðfram heimreiðinni að Víðimýri, um 230m norðaustur af kirkjunni, er gamall árfarvegur Víðimýrarár og í honum bútur af gömlu póstleiðinni.

Lýsing

Vegurinn er upphlaðinn, tæplega metri á hæð og mest 3-4m á breidd. Hann er grasi gróinn og samkvæmt ábúanda í Víðimýri, Einar Erni Einarssyni (munnl. heimild 30.05.18) er þetta eini hluti póstleiðarinnar/gamla vegarins sem hefur varðveist í landi Víðimýrar. Vegurinn sést svo aftur hinu megin ár, í landi Brekku, en hér er eingöngu skráður sá hluti hans sem lendir innan framkvæmdasvæðis. Í Byggðasögu kemur fram að bílvegurinn hafi síðar verið lagður á sömu slóðum og gamla póstleiðin og er líklegt að vegurinn sem hér er skráður hafi verið bílfær.

Aðrar upplýsingar

Í II. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 443) segir: „Póstleiðin gamla að Víðimýri lá yfir ána um Brekkuland upp svokallaða Kirkjubrekku norðan við Víðimýrá til Vatnskarðs. Fyrsti bílvegurinn var síðar lagður um sömu slóðir.“ Í Fasteignamati Víðimýrar frá 1916 ((227) 0112r) segir: „Jörðin liggur að póstveg, og þar er póstaftgreiðsla. Vegur til kaupsins að mestu akfær.“

Víðimýri-1926-8

Sérheiti: Víðimýri

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta

Staðhættir

Á túnakorti frá 1917 sést að gamli bærinn í Víðimýri var norðvestan við kirkjugarðinn og á milli var norðurendi heimtraðanna.

Lýsing

Á gamla bæjarstæðinu er trjálundur og íbúðarhús en gera má ráð fyrir leifum gamla bæjarins í jörðu. Til eru ljósmyndir og teikningar af gamla bænum og á vatnslitamynd frá 1898 eru fimm timburstafnar mót austri en á ljósmynd frá fyrri hluta 20. aldar (1935-1960) er komið framhús úr timbri sem snýr norður/suður.

Aðrar upplýsingar

Gamli bærinn brann í júní 1905. Það tókst að bjarga meginhluta bæjarins en eldhúsið

og kokkhúsþekjan brunnu og víða komu göt á þekjur, m.a. baðstofuna (Byggðasaga Skagafjarðar III, 413). Í Fasteignamati Víðimýrar frá 1916 ((227) 0112r) segir: „Bygging á bæ í besta lagi, peningshús gömul.“



Mynd 4. Lengst til vinstri sést smiðjan, síðan gamli torfbærinn og loks kirkjan og kirkjugarður. Hólarnir næst ánni gætu verið gamlir öskuhaugar. Fjær í túninu, austur af kirkjunni sést í byggingu sem ekki er á túnakorti 1917. Lengst til vinstri, ofan við smiðjuna er önnur bygging, sem líklega er útihús sem merkt er á túnakortinu. Í túninu eru heybólar og mögulega tvær litlar byggingar hvers hlutverk er óþekkt. Birt með leyfi Héraðsskjalasafns Skagfirðinga.

Víðimýri-1926-9

Hlutverk: Smiðja

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta

Staðhættir

Á túnakorti frá 1917 sést að gamli bærinn í Víðimýri var norðvestan við kirkjugarðinn og á milli var norðurendi heimtraðanna.

Lýsing

Á gamla bæjarstæðinu er trjálundur og íbúðarhús en gera má ráð fyrir leifum gamla bæjarins og mögulega smiðjunnar í jörðu. Smiðjan sést á ljósmynd sem Páll Jónsson tók einhvern tímann líklega upp úr 1940. Smiðjan er torfhús að veggjum og þaki, með glugga a.m.k. til vesturs og vestarlega á þekjunni er strompur.

Víðimýri-1926-10

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Mannvistarleifar


Hættumat: Hætta

Staðhættir

Jarðlægar mannvistarleifar eru í túninu norðan við kirkju og kirkjugarð í Víðimýri.

Lýsing

Skálabygging og aðrar fornar mannvistarleifar hafa fundist við fornleifarannsóknir á túninu umhverfis kirkju og kirkjugarð í Víðimýri. Mannvist finnst þar töluvert neðan við gjóskulag frá 1104 eins og sést á meðfylgjandi mynd sem bendir til búsetu frá fyrstu tíð. Eins komu upp hleðslur þegar að kirkjugarðurinn var stækkaður til norðurs og austurs.



Mynd 5. Teikningin sýnir jarðlög í skurði sem tekinn var í túninu norðan við kirkjugarðinn í Víðimýri. Þar er gjóskulag frá 1104 sýnt með brotalínu og ná mannvistarlög töluvert niður fyrir það.

Víðimýri-1926-11

Hlutverk: Óþekkt, virki

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta

Staðhættir

Nákvæm staðsetning minjanna er ekki þekkt en miðað við lýsingu Daniel Bruun frá 1896 gæti „virkið“ hafa staðið þar sem nú er tún, um 20-40m austur af kirkjugarðinum.

Lýsing

Það sér ekki lengur móta fyrir „virkinu“ eða „kastalanum“ í túninu og nákvæm staðsetning þess er ekki þekkt. Í lýsingu Daniel Bruun frá 1896 segir að það hafi verið 70 álnir austur frá kirkjugarðinum. Sé miðað við danska alin (62,77cm) sem þá var lögáln á landinu gerir það tæplega 44m. Kirkjugarðurinn hefur síðar verið lengdur til austurs. Byggingin sést á ljósmynd Páls Jónssonar (sjá mynd nr. 2) frá fjórða áratug 20. aldar.

Aðrar upplýsingar

Lýsing Daniel Bruun frá 1896 (bls. 190): „Virkið á Víðimýri er í túninu um 70 álnir austur frá kirkjugarðinum. Það er ferhyrnd, lág bunga, 12-15 álnir á hlið. Það er kallað „Kastali“ sem er

einkennandi fyrir notkun þess, en líkist nú mest húsarúst.“ „Kastala“ er getið í Sturlungu og hefur hann líklega verið byggður snemma á 13. öld (Sólborg Una Pálsdóttir, 11).

Kolgröf-1926-12

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Á bílaplani norðan við núverandi íbúðarhús sér í grjóthleðslur að sögn ábúanda (munnl. heimild: Ásta Þorsteinsdóttir, 01.06.18).

Lýsing

Þegar skráning fór fram var óökufær bifreið ofan á minjunum og því ekki hægt að kanna þær nánar. Á túnakorti frá 1918 er merkt peningshús á þessum slóðum.

Álfgeirsvellir-1926-13

Sérheiti: Pálshús

Hlutverk: Kofi

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Kofi sem hýsti hrúta og tryppi stóð þar sem nú er íbúðarhúsið.

Lýsing

Kofinn hvarf við byggingu íbúðarhússins og ekki er líklegt að minjar finnist í jörðu. Minjarnar voru hnitsettar samkvæmt lýsingu í Byggðasögu en gera má ráð fyrir allt að 15m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Í III. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 509) segir: „Uppfrá, þar sem íbúðarhúsið er núna, var lítill torfkofi fyrir hrúta og trippi og hét Pálshús. Norðan við það byggði Jónas Björnsson samstæð 80 kinda fjárhús og hlöðu.“

Álfgeirsvellir-1926-14

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta. Fjárhúsin voru þar sem fjósið er í dag, norðan við íbúðarhúsið og ættu mögulegar jarðlægar minjar ekki að verða fyrir raski.

Staðhættir

Í Byggðasögu segir að norðan við íbúðarhúsið hafi verið fjárhús og hlaða byggð um eða eftir 1920. Þarna eru nú byggingar og framan við þær malarborið hlað.

Lýsing

Fjárhúsin og hlaðan eru horfin undir byggingar, þau voru hnitsett eftir lýsingu í Byggðasögu og má gera ráð fyrir allt að 15m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Í III. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 509) segir: „Uppfrá, þar sem íbúðarhúsið er núna, var lítill torfkofi fyrir hrúta og trippi og hét Pálshús. Norðan við það byggði Jónas Björnsson samstæð 80 kinda fjárhús og hlöðu.“



Mynd 6. Til vinstri er sá hluti túngarðsins sem er grjóthlaðinn og má sjá hann liggja að stórum steini. Hinn hlutinn garðsins, sem sjá má á hægri mynd, er neðan við brekkuna, breiður og gróinn hryggur.

Ytra-Vatn-1926-15

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Hryggur

Hættmat: Mikil hætta. Lagnaleiðin liggur fast við vestur enda túngarðsins sem verður fyrir raski að óbreyttu.

Staðhættir

Um 45m norður af fjárhúsunum á Ytra-Vatni norðaustan við gamla bæjarstæðið eru leifar túngarðsins.

Lýsing

Túngarðurinn er greinilegur á um 30m kafla, gróinn, allt að 2,5m breiður hryggur. Suðvestan við hann, upp í brekkunni, neðan við gömlu torffjárhúsinu, eru ógreinilegri þústir sem eru að öllum líkindum framhald garðsins og er hann í heild um 50m. Hæðin er um 20-40cm. Annar hluti garðsins er uppi á brekkunni og hefur sá hluti afmarkað norðurenda gamla túnsins. Sá hluti hefur verið grjóthlaðinn, a.m.k. í grunninn. Hann er 30-40cm hár, um metri að breidd og 40m langur.

Ytra-Vatn-1926-16

Hlutverk: Leið, heimreið?

Tegund: Gata

Hættmat: Mikil hættu.

Lagnaleiðin fer í gegnum götuna sem verður fyrir raski að óbreyttu.

Staðhættir

Neðst í brekkunni, norðan við fjárhúsin á Ytra-Vatni er gata sem liggur skáhallt upp í brekkuna, neðan við gömlu torfhúsin og útihúsatóftirnar.



Mynd 7. Á myndinni sést í enda götunnar [1926-16] en við tekur sléttuð brekka og í baksýn gömlu fjárhúsin. Horft er til suðaustur.

Lýsing

Gatan er tæplega 70m löng og liggur nna-ssv. Hún liggur í átt að gömlu fjárhústóftunum sem enn standa. Gamla heimtröðin er ekki merkt á túnakorti frá 1917 og hlutverk götunnar er óvíst.

Ytra-Vatn-1926-17

Sérheiti: Mið-Vatn

Hlutverk: Híbyli, útihús

Tegund: Heimild

Hættmat: Hættu. Íbúðarhúsið á Ytra-Vatni er byggt á leifum gamla bæjarins. Minjar gætu leynst í jörðu.

Staðhættir

Í Byggðasögunni kemur fram að gamli bærinn á Mið-Vatni hafi verið þar sem íbúðarhúsið á Ytra-Vatni stendur nú.

Lýsing

Það eru engar sjáanlegar minjar um gamla bæinn á Mið-Vatni á bæjarstæði Ytra-Vatns og í Byggðasögu kemur fram að þær hafi verið jafnaðar út þegar grunnur var tekinn að íbúðarhúsinu. Mögulega eru einhverjar minjar eftir í jörðu en Mið-Vatn á sér fremur stutta búsetusögu (2-300 ár) og því ekki mörg hundruð ára uppsafnaðar mannvistarleifar í jörðu.

Aðrar upplýsingar

Úr Byggðasögu (bls. 500): „Íbúðarhúsið á Ytra-Vatni stendur nú á sama stað og bærinn á Mið-Vatni var fyrrum. Eftir að jörðin var sameinuð Ytra-Vatni var bæjarhúsunum breytt í skepnuhús og jafnaðar út húsatóftir þegar tekinn var grunnur að íbúðarhúsinu.“

Syðra-Vatn-196-18

Sérheiti: Syðra-Vatn

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta

Staðhættir

Gamli bærinn stóð á svipuðum stað og núverandi íbúðarhús.

Lýsing

Bærinn var að hluta þar sem íbúðarhúsið stendur en náði vestur fyrir það samkvæmt ábúanda (munnl. heimild: Kári Hjálmarsson, 30. 05. 2018). Nákvæm lýsing á bænum er hér að neðan.

Aðrar upplýsingar

Úr Byggðasögu (bls. 496): „Gamli bærinn var á sama stað og íbúðarhúsið er núna svo að þvottahúsið er þar sem skálinn var. Bærinn var byggður af Konráð Magnússyni nálægt aldamótum 1900. Tveir timburstafnar snúa fram á hlað, bæjardyr í miðju og göngin inn af þeim. Sunnan við til vinstri handar var skálinn með lofti yfir og gólfi úr timbri og vestan við hana stór baðstofa, alþiljuð með langvegg til suðurs. Hún var þrískipt í miðstofu, austur og vesturhús. Norðan bæjardyra, til hægri handar, var stofa og svefnloft yfir. Undir henni var kjallari. Innan við stofuna var gengið inn í eldiviðarkofa og úr honum farið niður í kjallarann en einnig upp á stofuloftið. Næst við eldiviðarkofann var hlóðaeldhúsið en vestast og fyrir enda ganganna var stórt eldhús. Í því var timburgólf og kjallari undir þar sem geymdur var sláturmatur. Úr hlóðaeldhúsinu var gengið niður í kjallarann og einnig út í fjósið sem var áfast norðan við bæinn en norðan fjóssins var fjóshlaðan. Auk þess voru tveir smákofar, annar austan undir fjósinu en hinn norðan við hlöðuna.“

Syðra-Vatn-1926-19

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hættu

Staðhættir

Túngarður er enn vel greinilegur meðfram suðurhlið gamla túnsins, sunnan lækjar.

Lýsing

Austur endi gamla túngarðsins, um 35m langur kafli, var skráður vegna fyrirbyggjandi framkvæmda. Garðlagið liggur með-

fram suðurhluta heimatúnsins og er því í heild mun lengra en sá hluti sem skráður var. Garðlagið liggur á þessu kafla, meðfram lækjarbakka og er orðið nokkuð illa farið, mikið rofið en heillegra



Mynd 8. Austurendi túngarðsins [1926-19]. Hér sést vel hversu rofinn garðurinn er á þessum kafla. Horft er til vesturs.

eftir því sem vestar dregur. Það er um 80cm hátt og allt að 3ja metra breidd, en breiddin skýrist af því hversu hrúnið og rofið það er.

Aðrar upplýsingar

Í III. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: (bls. 496): „Gamall vallargarður var umhverfis túnið og stendur hluti hans ennþá.“

Mælifellsá-1926-20

Sérheiti: Syðri-Mælifellsá

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Í III. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir að íbúðarhúsið sé nánast á hlaði gamla bæjarins

Lýsing

Ekkert sér eftir af gamla sem hefur verið rifinn fyrir löngu og sjást hvergi leifar hans.

Aðrar upplýsingar

Í III. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 481) segir: „Á Mælifellsá voru um skeið tveir torfbæir nokkuð fram á fyrri hluta 20. aldar. Núverandi íbúðarhús á Mælifellsá stendur nánast á hlaði gamla torfbæjarins. Framundan því var aflangur smáhóll, 20-30 metrar og til þess að gera mjór, kallaður Járnhryggur, og talið að ekki mætti raska honum. Samt var hann jafnaður út með ýtu og kom þá í ljós að þetta var öskuhaugur frá gamla bænum.“



Mynd 9. Járnhryggur [1926-19] var neðan við íbúðarhúsið á Mælifellsá en gamli bærinn þar ofan við. Horft er til suðvesturs.

Mælifellsá-1926-21

Sérheiti: Járnhryggur

Hlutverk: Öskuhaugur

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Í túninu um 15m austan við íbúðarhúsið á Mælifellsá er aflangur blettur þar sem Járnhryggur var áður en honum var ýtt út.

Lýsing

Fram kemur í III. bindi Byggðasögu Skagafjarðar að hólnum Járnhrygg var ýtt út og reyndist hann þá vera öskuhaugur frá gamla bænum. Hóllinn er horfinn en ummerki sjást ennþá því að gras vex ekki eins vel þar sem hólinn var. Svæðið er rúmlega 30m langt frá norðvestri til suðausturs og er ca. 5-7m breitt.

Aðrar upplýsingar

Í III. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 481) segir: „Á Mælifellsá voru um skeið tveir torfbærir nokkuð fram á fyrri hluta 20. aldar. Núverandi íbúðarhús á Mælifellsá stendur nánast á hlaði gamla torfbæjarins. Framundan því var aflangur smáhóll, 20-30 metrar og til þess að gera mjór, kallaður Járnhryggur, og talið að ekki mætti raska honum. Samt var hann jafnaður út með ýtu og kom þá í ljós að þetta var öskuhaugur frá gamla bænum.“

Nautabú-1926-22 [Nautabú-49]

Hlutverk: Leið

Tegund: Götur

Hættumat: Engin hætt

Staðhættir

Reiðgötur liggja að svonefndum Vaðhvammi á merkjum Nautabús og Mælifellsár.

Lýsing

Göturnar eru vel greinilegar og voru teiknaðar upp af loftmynd. Óvíst er um aldur þeirra en þær eru nokkuð umfangsmiklar og gætu því hafa verið notaðar um langan tíma.

Heimildaskrá

Alþingi. Lög um menningarminjar. 2012 nr. 80 29. júní. Aðgengilegt á:
<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>. Skoðað 27. júní 2018.

Daniel Bruun. *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár*. I. Bindi. Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf.

Hjalti Pálsson (2001). *Byggðasaga Skagafjarðar II. bindi. Staðarhreppur-Seyluhreppur*. Sögufélag Skagfirðinga; Sauðárkrókur.

Hjalti Pálsson (2004). *Byggðasaga Skagafjarðar III. bindi. Lýtingsstaðahreppur*. Sögufélag Skagfirðinga; Sauðárkrókur.

Jarðavefur Þjóðskjalsafns Íslands.

Fasteignamat 1916-1918-undirnat; Skagafjarðarsýsla, bls. (227) 0112r. Aðgengilegt á
<https://myndir.handrit.is/doShowDocument.jsp?lang=is&source=ICDB&sourceId=-Fasteignamat+1916-1918+-+undirnat%3BSkagafjar%F0ars%FDsla&style=-&navpanes=0&view=Fit>. Skoðað 7. júní 2018.

Þjóðskjallasafn Íslands. Túnakort Guðmundar Sveinssonar 1917-1918. Aðgengilegt á:
<http://testbirting.mannatal.is/>. Skoðað 7. júní 2018.

Brekka, 1917

Kolgröf, 1918

Víðimýri, 1917

Ytra-Vatn, 1918

Örnefnaskrá Víðimýrar. Margeir Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Fylgiskjöl

Hnitaskrá - verkefni 1926

jörð	númer	sérheiti	hlutverk	tegund	aldur frá	aldur til	ástand	hættumat	hættuorsök	vegg hæð frá	vegg hæð til	breidd	austun	norðun
Brekka	1926-1	Brekka	híbýli	heimild	900	1949	sést ekki	hætta	framkvæmda	0.0	0.0	0.0	478128	560741
Brekka	1926-2	Brekka	fjós	heimild	1700	1949	sést ekki	hætta	framkvæmda	0.0	0.0	0.0	478126	560750
Víðimýri land	1926-3		útihús	dældir	800	1950	illgreinanleg	hætta	framkvæmda	0.0	0.2	0.0	478448	560531
Víðimýri	1926-4	Eyri	híbýli	heimild	1753	1866	sést ekki	engin hætta		0.0	0.0	0.0	478421	560451
Víðimýri	1926-5	Grundarhús, Eyraarhús	fjárhús, hesthús	heimild	900	1950	sést ekki	engin hætta		0.0	0.0	0.0	478421	560448
Víðimýri	1926-6		óþekkt	steinalögn, hleðsla	800	1900	illgreinanleg	mikil hætta	framkvæmda	0.0	0.1	0.0	478407	560450
Víðimýri	1926-7		leið	hleðsla	1000	1960	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmda	0.0	0.7	2.0	478397	560430
Víðimýri	1926-8	Víðimýri	híbýli	heimild	800	1930	sést ekki	hætta	framkvæmda	0.0	0.0	0.0	478234	560166
Víðimýri	1926-9		smiðja	heimild	800	1930	sést ekki	hætta	framkvæmda	0.0	0.0	0.0	478232	560190
Víðimýri	1926-10		híbýli	mannvistar-leifar	800	1700	sést ekki	hætta	framkvæmda	0.0	0.0	0.0	478269	560177
Víðimýri	1926-11		óþekkt, virki	heimild	1200	1950	sést ekki	hætta	framkvæmda	0.0	0.0	0.0	478317	560163
Kolgröf	1926-12		útihús	heimild	800	1960	illgreinanleg	engin hætta		0.0	0.0	0.0	478589	556441
Álfgeirsvellir	1926-13	Pálshús	kofi	heimild	1920	1950	sést ekki	engin hætta		0.0	0.0	0.0	479643	555159
Álfgeirsvellir	1926-14		fjárhús	heimild	1920	1950	sést ekki	engin hætta		0.0	0.0	0.0	479635	555181
Ytra-Vatn	1926-15		túngarður	hryggur	1000	1920	greinanlegur	mikil hætta	framkvæmda	0.2	0.4	2.5	480375	553444
Ytra-Vatn	1926-16		leið, heimreið	gata	1000	1940	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmda	0.0	0.0	0.0	480347	553499
Ytra-Vatn	1926-17	Mið-Vatn	híbýli, útihús	heimild	1600	1956	sést ekki	hætta	framkvæmda	0.0	0.0	0.0	480320	553258
Syðra-Vatn	1926-18	Syðra-Vatn	híbýli	heimild	1000	1940	sést ekki	hætta	framkvæmda	0.0	0.0	0.0	480409	552949
Syðra-Vatn	1926-19		túngarður	garðlag	1700	1900	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmda	0.0	0.8	3.0	480500	552810
Mælifellsá	1926-20	Syðri-Mælifellsá	híbýli	heimild	1000	1940	sést ekki	engin hætta		0.0	0.0	0.0	481860	550208
Mælifellsá	1926-21	Járnhryggur	öskuhaugur	heimild	1000	1970	sést ekki	engin hætta		0.0	0.0	0.0	481885	550229
Nautabú	1926-22		leið	götur	1000	1950	vel greinanleg	engin hætta		0.0	0.0	0.0	482457	550417

Brekka
1926-1-2

1926-3

1926-6

1926-4-5

1926-7

1926-9

1926-10

1926-8

1926-11

Víðimýri

Víðiholt

Víðidalur

Yfirlitsmynd 1

N

Minjar

● mikil hættu

● hættu

● engin hættu

— Ljósleiðari

— 15m

0 100 200 300 400 500 m

Koltröð

1926-12

Álfgeirsvellir

1926-14

1926-13

Yfirlitsmynd 2



Minjar

- mikil hætta
- hætta
- engin hætta
- Ljósleiðari
- 15m

0 100 200 300 400 500 m

Álfheimar

1926-16

1926-15

Ytra-Vatn

1926-17

Syðra-Vatn

1926-18

1926-19

Yfirlitsmynd 3

Minjar

● mikil hætta

● hætta

● engin hætta

— Ljósleiðari

— 15m



0

100

200

300

m

Mælifellsá

1926-20

1926-21

1926-22

Yfirlitsmynd 4

Minjar

- mikil hætta
- hætta
- engin hætta
- Ljósleiðari
- 15m



0 100 200 300 m